

Reykjavík, 15. janúar 2020  
SFS2019060109  
178. fundur  
HG/geb/sb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tónmenntakennslu í grunnskólum***

Á fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 11. júní 2019 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Óskað er upplýsinga um hvort allir grunnskólar Reykjavíkur hafi fullnægt markmiðum aðalnámskrár hvað tónmenntakennslu varðar skólaárið 2018-2019. Þá er jafnframt óskað svara við því hvort allir grunnskólar borgarinnar hafi á að skipa tónmenntakennurum.*

**Svar:**

Listgreinum er skipt í sviðslistir, þ.e. dans og leiklist, sjónlistir og tónmennt. Hver skóli skipuleggur kennslu listgreina og ákveður hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt, aðgreind námskeið í styttri tíma þannig að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil eða dreift jafnt yfir allan veturinn.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013 er viðmið um kennslu í list- og verkgreinum 15,8% að meðaltali af vikulegum kennslutíma barna og ungmenna. Í viðmiðunarstundaskrá eru ekki gerðar kröfur um kennslutímamagn einstakra námsgreina en þó er tekið fram að listgreinar annars vegar og verkgreinar hins vegar skulu hafa jafnt vægi innan heildarnámstíma nemenda. Tónmennt er skilgreind sem hluti af námssviðinu listgreinum ásamt sjónlistum og sviðslistum. Á bls. 51 í aðalnámskrá grunnskóla segir: „Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum. Engu að síður veitir viðmiðunarstundaskráin sveigjanleika innan námssviða og á milli áfanga en útfærslu á því skal birta í starfsáætlun skóla“. Samkvæmt ofangreindu er ljóst að kennslutímamagn til tónmenntakennslu er ekki nákvæmlega skilgreint pr. viku á árganga. Ef skiptingin væri jöfn milli listgreina og árganga mætti áætla að kennslutímamagn í tónmennt 1. – 4. bekk væri 37,5 mín. á viku, í 5. – 7. bekk væri kennslutímamagnið 47 mín. á viku í tónmennt og 38 mín. í 8. – 10. bekk.

Flestir skólar velja áherslur í list- og verkgreinakennslu miðað við fagleg sjónarmið og sérhæfingu kennara. Vorið 2019 voru grunnskólar í Reykjavík beðnir um að skila talningu á stundum til list- og verkgreina í öllum árgöngum að frumkvæði Menntamálastofnunar. Safnað var gögnum frá öllum grunnskólum borgarinnar og þau tekin saman í svari til Menntamálastofnunnar. Talning skóla- og frístundasviðs, ólíkt talningu sem Hagstofan gerir

árlega, leyfði talningu á verkefnum sem telja mátti sem nám í list- og verkgrein sem fór fram utan fastra tíma í stundaskrá nemenda. Sem dæmi má nefna stór samþætt verkefni, hringekjur, heimsóknir á söfn eða ferðir á tónleika eða í leikhús. Sú talning leiddi í ljós að nokkrir grunnskólar í borginni eru undir viðmiðum en til stendur að rýna hvort sú niðurstaða sé tilkomin vegna þess að talning sé ólík á þeim verkefnum sem unnin eru utan skráðra tíma í list- og verkgreinum í stundaskrá nemenda. Langflestir skólar í borginni virtust verja meiri tíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir til list- og verkgreina þegar allt er talið.

Starfsmenn skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru að undirbúa heimsóknir í þá skóla sem sýndu veruleg frávik í talningu, annað hvort með mun meiri tíma í listgreinar eða mun minni en aðrir skólar.

Í stað markmiða í nágildandi aðalnámskrá eru sett fram hæfniviðmið sem lýsing á þeirri hæfni sem miðað er við að nemandi geti sýnt að loknum ákveðnum áföngum í grunnskólanáminu. Nám nemenda í öllum námsgreinum er metið skv. hæfniviðmiðum aðalnámskrár í hverri námsgrein eða námssviði. Hæfniviðmið í tónmennt koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreinum en einnig hafa verið gefin út matsviðmið fyrir listgreinar sem skólar styðjast við (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013 bls. 164-165). Ekki liggja fyrir upplýsingar hvað varðar stöðu kennslu samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár í einstaka grunnskólum. En í ytra mati á grunnskólum borgarinnar er rýnt í skólanámskrár, kennsluáætlanir, stundatöflur o.fl. og kannað hvort skipulag og inntak náms sé í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla.

Spurningar varðandi tónmenntakennara með kennsluréttindi voru sendar út í spurningavagni til skólastjóra grunnskólanna í október 2019 og svörun var lokið í nóvember 2019.

Skipta má niðurstöðum könnunarinnar eftir skólagerðum.

Af tíu skólum með 1. – 6. eða 7. bekk eru tónmenntakennarar með kennsluréttindi og sem kenna tónmennt í sex skólum. Í tveimur af þessum skólum er tónmennt aðeins kennd í 1. – 3. eða 4. bekk en að auki sjá tónmenntakennarar um vikulegan samsöng fyrir flesta nemendur skólanna. Einn af þessum tíu skólum er með aðkeypta þjónustu sem kennir tónmennt í 1. – 4. bekk.

Af 23 skólum með 1. – 10. bekk eru þrír skólar með tónmenntakennara með kennsluréttindi sem kennir tónmennt í 1. – 10. bekk, einn með tónmenntakennslu í 1. – 8. bekk, fjórir með tónmenntakennslu í 1. eða 2. til 7. bekk og tveir með tónmenntakennslu í 1. – 4. bekk. Í tveimur skólum er tónmenntakennari án kennsluréttinda sem kennir tónmennt í 6 – 8 árgöngum. Fimm skólar eru með aðkeypta þjónustu sem kennir tónmennt í 3 – 10 árgöngum. Í 14 skólum er ekki kennd tónmennt í einhverjum árgöngum og þá aðallega á unglingastigi en í tveimur grunnskólum borgarinnar er ekki kennd tónmennt af tónmenntakennara þetta skólaárið.

Í tveimur unglingaskólum af þremur er tónmennt kennd í vali af tónmenntakennara með kennsluréttindi en engin tónmennt er kennd í einum unglingaskóla.